

LISTIR



Yfirlitsmynd frá sýningunni Úti er ekki inni, inni er ekki úti á Kjarvalsstöðum.

Morgunblaðið/Sverrir

# Inni og úti

**MYNDLIST**

Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir

ÚTI ER EKKI INNI, INNI ER EKKI ÚTI ARNO LEDERER, JÓRUNN RAGNARSÓTTIR OG MARC OEI

Sýningin er opin daglega frá kl.10-17, nema mívíkudaga frá kl. 10-19. Henni lýkur 27. október.

ADALSKRIFSTOFUR Orkustofnunar ríkisins í Stuttgart, skóli og íþróttahús í Ostfildern, gestahús kaþólsku kirkjunnar í Hohenheim og heimavist Salem International College skólans í Überlingen eru aðeins brot af þeim fjölda bygginga sem þýsku arkitektarnir Arno Lederer og Marc Oei hafa hannað ásamt hinni íslensku Jórinni Ragnarsdóttur. En þessar fjórar byggingar hafa arkitektarnir þrjár, sem rekið hafa saman stofu í Stuttgart í Þýskalandi frá 1992 og Jórunn og Lederer mun lengur eða frá 1985, valið að beina athyglinni að á sýningu sinni Úti er ekki inni, inni er ekki úti sem nú stendur yfir í miðrými Kjarvalsstaða.

Á sýningunni bregður byggingunum og nánasta umhverfi þeirra fyrir á ljósmyndum og teikningum, sem og í formi trélikana sem m.a. er komið fyrir í millivegg rýmisins. Ljósmyndirnar, sem eru á þriðja hundrað talsins, hanga flestar í þar

til gerðum skyggnukössum merktar byggingu, stað og hvort um er að ræða útimynd, innmynd eða teikningu. Byggingunum fjórum eru þannig gerð ítarleg skil, þótt öðrum verkum arkitektanna bregði einnig fyrir, og geta sýningargestir þannig virt fyrir sér hönnun þremminganna úti sem inni, í tengslum við umhverfið, sem og í smæstu smáatriðum. Stílhreinum og sterklegum gluggum skólabyggingarinnar í Ostfildern, skólastofnunum einni af annarri, útveggjum, dyrum og heildarmynd bregður þannig fyrir á skyggnu eftir skyggnu, líkt og göngum, múrklæðningu og birtuskilyrðum í húsi Orkustofnunarinnar.

Útskýringar á hönnun bygginganna í textaformi, sem og skýringar á byggingarstíl þremminganna prýða einnig millivegg rýmisins og eru þau orð kærkomin viðbót við myndefnið.

Jórunn, Lederer og Oei hafa óneitanlega náð að móta sér sinn eigin stíl sem er einfaldur, stílhreinn og nútímalegur án þess að þar séu afmáð skil innra og ytra rýmis líkt og gjarnan vill verða í leit nútímaarkitektúrs að léttleika og gagnsæi. Þess í stað eru gegnheilir múrsteinsveggir, sívalningar, kröftugar súlur og keilulaga loftræstingarrör höfð í fyrirrúmi og endurspeglar efniviðurinn, ásamt

vinnuáferðum, viðhorf arkitektanna til byggingarlistarinnar. Líkt og þau sjálf kjósa að lýsa hönnun sinni þá eru þetta „þungar“ byggingar og aðskilnaðinum, og jafnframt heiti sýningarinnar, þar með viðhaldið.

Það er óneitanlega glæsileg hönnun sem býður sýningargesta Kjarvalsstaða og ljóst að arkitektarnir eru vel komnir að þeim fjölda viðurkenninga og verðlauna sem þeim hefur hlotnast á síðustu tveimur áratugum, en þau voru m.a. tilnefnd til Mies Van Der Rohe verðlaunanna í fyrra fyrir hönnun sína á skólanum í Ostfildern. Sú uppsetning sem hér hefur verið valin, en sýningin hefur áður verið sett upp í Galerie Aedes í Berlín og Architekturgalerie í München, er þó ekki til þess gerð að gera byggingarnar aðgengilegar fyrir sýningargesti. Það er óneitanlega áhugaverð hugmynd að taka form sem að öllu jöfnu eru svo áberandi hluti umhverfis okkar að ekki verður framhjá þeim horft og láta gesti þess í stað verða að bera sig eftir skoðun þeirra – skyggnu fyrir skyggnu, röð eftir röð – þótt sú aðferð sé kannski ekki að sama skapi hentugasta leiðin til að viðhalda skammvinnri athygli áhorfandans.

Anna Sigríður Einarsdóttir

# Hitaveitugrind fyrir sumarbústaðinn

**TILBOÐ**

á lokuðum kerfum með forhitara

Kerfi fyrir hús sem er ca 60-70 fm <sup>2</sup>	68.765 kr.
Kerfi fyrir hús sem er ca 70-80 fm <sup>2</sup>	72.877 kr.
Kerfi fyrir hús sem er ca 80-90 fm <sup>2</sup>	75.642 kr.
Kerfi fyrir hús sem er ca 90-110 fm <sup>2</sup>	79.729 kr.

Ath. Verðin eru miðuð við að grindurnar séu ósamsettar. Samsetning kostar 7.500 Kr



Breiddin-Verstun  
Sími: 515 4001  
Breiddin-Höf & Golf  
Sími: 515 4030  
Breiddin-Tímursala  
Sími: 515 4100  
Hringbraut  
Sími: 562 9400  
Lagadaleið  
Sími: 515 4040



Hafnarfjörður  
Sími: 555 4411  
Suðurnes  
Sími: 421 7000  
Akureyri, Glerárþorg  
Sími: 460 4800  
Akureyri, Furuvellir  
Sími: 460 4860



## Fullkomnir föstudagar



Heiti potturinn

Kr. 19.50




Girlfriends

Kr. 20.30



Charmed

Kr. 21.00



Djúpa Taugin

Kr. 22.00

Malcolm kr. 23.00 **e**

Will & Grace kr. 23.30 **e**

CSI kr. 00.00 **e**